

# HEIMIR

---

I. ÁR. ❁ WINNIPEG, MAN. 20. SEPTEMBER 1904. ❁ NR. 4.

---

## Strandvísur.



Sit ek fyr elmökk utan  
eirarmál at heyra.  
Ægr er örn á flugi  
yfir bárusvifi.  
Valr of víði svölum  
veiðar tekr at seiða.  
Íðar á ölduheiði  
önd ok márr við ströndu.

Vargr hefr mér í morgin  
margr at hlustum gargat,  
svifinn at sollnu hafi  
sylgs at kveðja bylgju.  
Greidd skulu gera söddum  
gjöld við skóg á kvöldi.  
Hrafn at hinsta svefni  
hregg ok frost man leggja.

STYRKÁK VÉSTEINN.



## Söfnuðurinn í „Clay Creek Village”

EFTIR

## „MARK TAIN“

Það var hérna um sumarið— eg man ekki glögglega, hvað ártalið var, enda varðar það ekki svo miklu,— að fornkunniingi minn, Mr. Peacock, sem bjó í þorpinu „Clay Creek“, bauð mér að dvelja hjá sér svo sem hálfis mánaðar eða þriggja vikna tíma. Eg var málafærslumaður, og um haustið áður höfðu verið almennar kosningar, og beið sá flokkur ósigur, sem fylgdi þeirri stefnu, er eg aðhyllist. Málsókn var hafin gegn nokkrum mönnum, sem kosningu hlutu, og þeir sakaðir um, að hafa náð kosningu fyrir mútugjafir, meinsæri og annað því um líkt. Eg var helzti maðurinn, sem sókti og varði fyrir hönd míns flokks, og gjörði eg það svo samviskusamlega, að eg tapaði öllum málunum. Út af þessu mátti heita, að eg væri orðinn hverjum manni hvimleiður í borginni, þar sem eg átti heima. Þeir, sem fylgdu sama flokki og eg, sögðu að eg hefði rekið of slælega málin, og mér væri ekki treystandi til neins. Þeir, sem voru í andstæðingaflokknum, köstuðu fæð á mig fyrir það, að eg hefði verið á móti þeim þrátt fyrir það, að hver maður hefði getað séð strax í upphafi, að þeirra væri sigurinn vís. Eg hefði þó átt að vita betur en svo, að slást í lið með þeim, er héldu uppi stefnuskrá, sem ómögulega gæti rutt sér götu um mörg herrans ár ennþá.

Eg var orðinn þreyttur á þessu umstangi, og hafði hálfpartinn í hyggju, að taka mér hvíld um dálítinn tíma, en eins og eg hefi skýrt frá, þá var eg orðinn vinafár, og vissi naumast, hvert helzt eg ætti að fara, svo eg gæti hrist mig dálítið upp. Mér kom því mæta vel boð herra Peacocks, og tók eg því þessvegna fegins hendi.

Eg og Mr. Peacock höfðum fyrst kynnst hvor öðrum, þegar við vorum í skóla. Hann var á aldur við mig, og við lögðum fljótt lag okkar saman, en hversvegna við lögðum lag okkar saman, hefi eg í raun og veru aldrei getað skilið í. Við vorum svo ólíkir, sem frekast er hægt að hugsa sér. Við vorum ólíkir að lyndisfari og við vorum ólíkir í vaxtarlagi og limaburðum.—

Það var raunar sáralítill hæðarmunur á okkur, þegar við vorum mældir frá hvirfli til ilja, en vaxtarlagið var svo ólíkt. Eg var ákaflega kloflangur, og þegar eg gekk, þá stikaði eg stórt og hlammaði niður fótunum þungt og klunnalega. Þar á móti var herra Peacock ákaflega klofstuttur en búklangur, og þegar hann var á ferð, trítlaði hann, og það svo undur hljótt, að líkast var, sem hann hefði dúnködda neðan í iljunum; það var eins og hann kæmi hvergi við, enda slapp hann við marga skrokkskjóðu í skólanum fyrir þá orsök, að ekki heyrðist til hans, þótt hann væri á ferð. Það mesta, sem til hans heyrðist, var eins og einhvers konar niður, og það jafnvel kom ekki fyrir, nema þegar hann snögglega þurfti að flýta sér. Hinsvegar fékk eg oft margt ónotaorð fyrir þann skarkala, sem eg ætíð gerði, ef eg hreifði mig. En það sem aðgreindi okkur einna mest var, að efri hluti líkama míns, það er að segja það, sem ekki voru fætur, hendur eða höfuð, og sem almennt er kallað búkur, var sívalt eins og kefli. Eg var þessvegna á að líta jafn stór frá hvaða hlið, sem eg var litinn. En herra Peacock var flatur. Hann var ákaflega breiður fyrir brjóst og bak, en frámunalega þunnur til hliðar að sjá. Hann var í raun réttir líkastur planki, sem skörpustu raðirnar hefðu verið heflaðar af. Þegar herra Peacock sat á bekk, þá tók hann talsvert meira rúm en flestir aðrir, og þegar maður horfði þá beint framan að honum, þá virtist manni hann ærið fyrirferðarmikill; en þegar maður svo sá á hliðina á honum, þá næstum hvarf hann. Þegar herra Peacock var staddur í mannþröng, þá kom honum vaxtarlag hans oft að góðum notum, því hann smeygði sér þá á rönd út úr þrönginni án þess nokkur yrði í rauninni var við, þótt hann færi, og það var varla svo þröng rífa, að hann gæti ekki troðið sér í gegnum hana. Við höfðum það stundum að leik í skólanum, að við létum aftur hurðina á herbergi því, er Peacock var inni í, og skildum eftir ofurlitla rifu milli hurðar og dyrastafs, bárum svo að koffort og kistur; gjörðum við þetta til að prófa, hversu mjóa gátt hann gæti komist í gegnum; og einu sinni, er við höfðum haft gáttina svo þrönga, að hann komst ekki út, þá skreið hann undir hurðina; það hafði sem sé verið hár þröskuldur í dyrunum, þegar húsið var smíðað, en var nú orðinn genginn meira en til háls, og herra Peacock

gat komist þar í gegnum. Við vorum að lunderni ólíkir; eg held að lyndiseinkunnir okkar hafi verið í eins nánu sambandi við vaxtarlag hvors okkar fyrir sig, eins og unnt var, að gæti verið. Herra Peacock var gæddur þeirri gáfu, að vera frábær hermi-kráka. Hann náði svo líkum rómi manna og dýra, að naumast var hægt að greina það frá hinni ekta raust, en allra bezt tókst honum þó að herma eftir hrafninum. Herra Peacock var í allgóðum efnum og hafði dágóða atvinnu. Hann var ritstjóri blaðsins „TO LET“, sem gefið var út af félagi nokkru í „Clay Creek“ þorpinu. Reyndar hafði nú aldrei borið á neinum sérstökum ritstjórahæfileikum hjá honum, en gárungarnir sögðu að hann hefði smeygt sér inn á milli forstöðumanna félagsins, því hann væri svo þunnur; en aðrir sögðu, að forstöðumennirnir hefðu ráðið hann fyrir ritstjóra einmitt vegna þess, hversu hann var þunnur; og enn aðrir sögðu, að ritstjórastöðu sína ætti hann því að þakka, hversu vel hann gæti krunkað. En hver svo sem orsökkin var, þá var hann um þessar mundir ritstjóri að blaðinu „TO LET“.

Næsti dagur eftir, að eg kom til „Clay Creek Village“, var sunnudagur, og spurði herra Peacock mig, hvert eg vildi ekki koma með sér í kyrkju. Hann kvaðst æfinlega ganga í kyrkju á hverjum sunnudegi. Satt að segja, þá er eg ekki mjög kyrkju-rækinn maður, en í þetta skifti langaði mig til kyrkju. Eg hafði oft heyrt getið um, hversu frábær ræðuskörunger séra Sleet Fromwest, presturinn í „Clay Creek Village“, væri. Eg fór því í kyrkju með herra Peacock. Séra Sleet (þorpsbúar höfðu þann vana, að nefna prest sinn að eins með fyrra nafni) hafði verið framúrskarandi fjörmaður og ákaflyndur á yngri árum sínum, þótti hann þá vera frekar harðsnúinn í ræðum og ritum gagnvart mótstöðumönnum sínum, og sögðu menn, að dæmi hefðu verið til þess, að sumir af þeim hefðu ekki séð annað ráð vænna, en labba heim, háttu upp í rúm, sofna og vakna ekki framar. Hann hafði verið frjálsslyndur og íramfaramaður mikill. Einu sinni hafði hann starfað að vatnsveitingum. Í sveit þeirri, er hann ólst upp í, var þannig háttað, að mikið var af sléttu harðvelli, sem ekki óx svo mikið gras á, að notast mætti sem engi, utan þegar sérstakar rigningar áttu sér stað. Tjarnir og flóðkilar voru það-

an ekki langt burtu. Séra Sleet tók sig einu sinni til og fór að reyna að veita vatninu úr tjörnunum og kílunum yfir á harðlendið, svo það yrði frjósamt. Varði hann til þess heilu sumri, og hafði með sér til þess verks þá duglegustu menn, er hann fékk. Valdi hann sérstaklega til þess menn, sem hann þekkti að því, að geta kastað langt af skóflunum; gjörði hann slíkt til þess, að sem minnst skyldi hlaðast á skurðbakkana. En vegna dugnaðarins og ákafans í því, að koma verkinu áfram, gætti hann ekki að því, fyr en skurðurinn var nærri fullgjör, að tjarnirnar og flóðkíllarnir lágu lægra en harðvellið, sem vatnið skyldi veitast á. Síðan hefir þessi skurður orðið einungis til þess, að allt það regnvatn, sem komið hefir niður á harðvellið, hefir á augabragði runnið niður í tjarnirnar og flóðkíllana, og þótt rigningaár hafi komið, þá hefir aldrei sprottið þar síðan svo mikið gras, að þótt hafi ljáberandi. Hann ritaði allmikið, en sérstaklega þótti þó kveða að honum í ræðustólnum. Eg hlakkaði því mjög til, að hlusta á þenna mann, sem eg hafði heyrt svo mikið látið af. Þjóst eg við að heyra eitthvað mergjað, enda brást mér ekki sú von. Framburður hans var mjög áheyrilegur, og til þess að gefa orðum sínum meiri kraft, tók hann nokkurs konar ídýfur, og tví-tók þá setningarnar með að eins ofurlitlum orðamun, og var slíkt auðskiljanlega gjört til að gefa þeim meiri áherzlu. Það var líkast því, sem hann vildi reka kenningar sínar inn í áheyr-endurna með stoðasleggju (piledriver). Fyrst talaði hann um hinn spillta tíðaranda, sem nú virtist ráða mestu í mannfélaginu og einna greinilegast kæmi í ljós á þann hátt, að mikill fjöldi manna þættist sjálfur hafa vit og rétt til þess, að gjöra greinarmun góðs og ills, en slíkt væri hin mesta hætta, og það væri synd, að láta sér detta slíkt í hug. Það væri einmitt það, sem djöfullinn hefði heitið Evu, þegar hann sveik hana. Það væru að eins hinar viðteknu trúarsetningar, sem menn gætu óyggjandi haft fyrir leiðarstjörnu. Hann kvað það vera eitt sorglegt tákni tímanna, hversu mikið traust mennirnir hefði á sjálfum sér, sem svo eðlilega leiddi af sér þá voðalegu hættu, að menn væri hættir að vera hræddir við Belzibub, og þegar svo langt væri komið, að menn væri ekki lengur hræddir við hans djöfullegu hátign, þá væri menn heldur ekki lengur varir um sig fyrir honum, og þess

vegna hitti hann menn berskjaldaða með freistingaörvum sínum. Hann freistaði mannanna á margvíslegan hátt. Það væri karl, sem kynni að haga seglum eftir vindi. Nú einmitt á þessu svo kallaða menntunar tímabili, þar sem lestrarfýsnin væri svo mikil, þá virtist sér hann beina freistingarskeytum sínum gegnum ýms blöð og tímarit, og það væri sorglegt að vita það, að allur fjöldinn væri mest sólginn í að lesa einmitt þau rit, þar sem hann auðsjáanlega hefði stýrt penna og anda höfundanna. Hann kvað slíka viðurstygð ganga svo langt, að slíkir höfundar væru jafnvel í hávegum hafðir meðal fólksins. Barmaði hann sér sárlega yfir því, að menn rækju ekki slíka óþokka af höndum sér; þeir væri auðvitað sendir af hinum illa anda til að vekja óeirð. Menn ætti að segja við þá: „Vík frá mér andskoti“, og ef þeir ekki vildi hlýða, þá ætti menn að hlaupa í burtu frá þeim sjálfir, eða með öðrum orðum, menn ætti ekki að lesa rit þeirra, og menn ætti að stinga fingrunum í eyrun, þegar þeir töluðu. Til þess að menn ekki skyldi misskilja sig, sagðist hann vilja taka það fram, að hverjum sínum safnaðarlim væri öldungis óhult að lesa blaðið „TO LET“, það væri í alla staði kristilegt blað, og væri sannkallaður hyrningarsteinn í kyrkju sinni. Hann hélt hið sívaxandi umburðarlyndi væri mjög ísjárvert. Gegn því þyrfti menn að brynja sig með slíkri trú, sem miðaldirnar einar gæti hrósað sér af. Engar breytingar ætti menn að þola; ekki einn einasti bókstafur mætti falla burtu, og ekki mætti heldur bæta einum einasta við; væri slíkt gjört, yrði allt hringlandi vitlaust. Hann kvað óhultasta ráðið gegn því, að villukenningar festi rætur, væri það, að rífa upp með rótum allt nýtt, allar nýjar hugmyndir, sem menn ekki sæi að hefði stuðning af hinum viðteknu trúarsetningum.

Eftir guðsþjónustuna fór eg að hugsa um, hvers kyns áhrif slíkar prédíkanir myndu hafa á söfnuðinn, eða hvert þau myndu nokkur.

Fáum dögum síðar las eg grein í blaðinu „TO LET“, er svo hljóðaði:

„Fyrir nokkru síðan flutti blað vort, „TO LET“, lesendum sínum þá fregn, að doktor Point, sem flestir þekkja, hefði læknað að kerlingu nokkra, sem í mörg ár hafði þjáðst af óþekktum

sjúkdómi, og aðrir læknaþer hefði ekki getað ráðið neina bót á. Vér skýrðum líka frá því, að doktor Point hefði notað einhverja dularfulla aðferð við lækningu sína, og hefir hann sjálfur kannast við, að svo væri, og jafnvel auglýst það í dagblöðum þorpsins. Af þeirri ástæðu, að vér vorum þá í dálitlum vafa um það, hversu helztu leiðandi menn hér í „Clay Creek Village“ mundu líta á þessar nýjungar, þá létum vér ekki álit vort í ljós. Nú höfum vér sannfrétt, að rannsókn hafi verið hafin í þessu máli, og doktor Point sakaður um, að hafa haft fjölkyngi í frammi. Vér höfum fyrir satt, að þeir, sem mest og bezt hafa hrundið þessari rannsókn af stað eru leiðandi menn í söfnuði séra Sleet Fromwest. Hvort séra Sleet Fromwest hafi sjálfur átt beinlínis þátt í því, að slík rannsókn var hafin, er oss ekki kunnugt, en vér hikum oss ekki við að fullyrða, að hans kærleiksríku kenningar og ljúfu leiðbeiningar hafi borið svo góðan ávöxt, að safnaðarlimir hans sé komnir á svo kristilega og siðferðislega hátt þroskastig, að þeir finni til þess, hversu hneykslanlegar lækningartilraunir doktor Points eru. Vér getum fullvissað lesendur „To LET'S“ um, að svo lengi sem helztu menn í „Clay Creek“ þorpinu gjöra sitt ítrasta til, að kæfa niður slíka aðferð, þá leggjum vér þeim liðsinni vort af ítrasta megni. Eins og vér höfum ætíð haldið því fastlega fram, þegar um andleg málefni er að ræða, að skynsamleg og vísindaleg röksemdaleiðsla eigi að víkja úr vegi fyrir viðtekinni siðvenju og óbifanlegri trú á bókstafinn, svo höldum vér því líka fram, þegar um versleg málefni er að ræða, og ekki sízt, þegar slík málefni eru viðvíkjandi lækningum, þar sem jafnvel um líf manns er að tefla, að þá eigi að eins að nota þau meðöl og þær aðferðir, sem hver maður með meðal gripsviti getur fyllilega skilið.“

Eg lagði af stað heim til mín úr „Clay Creek Village“ með næstu eimreið.

---

## Aðsent.

Óttinn er myrkvaklefi hugans, og hjátrúin er lagvopn það, er hræsnin vegur sálirnar með. Hugrekki veitir frelsi, en hræðslan opnar fangelsisdýrnar. Sá, er ekki þorir að hugsa sjálfur, er óafvitandi fangi þess, er lætur hann hugsa eftir sínum eigin nótum. Sá, er getur talið þér trú um, að eitthvert málefni sé þér ofvaxið að geta nokkurn tíma skilið, og þér sé þess vegna bezt að skilja það og fylgja því eins, og hann sjálfur kennir, er búinn að setja handjárn á hugsanafrelsi þitt. Ekkert málefni er svo háleitt, að það standist ekki óbrjálaða hugsunarfræði; ekkert svo torvelt, að ekki megi skoða það, og ekkert svo heilagt, að ekki poli rannsókn.

Rannsókn er orð, sem margir misskilja, og eru þar af leiðandi hræddir við. Þeim finnst eitthvað óttalegt felast í því orði, og það eigi að útrýma því úr málinu, þegar um viss málefni er rætt. Hræðslan við þetta orð hefir staðið öllum vísindum fyrir þrifum. Hún hefir með hjálp kennifeðranna hafið heimskuna upp á veldisstól þjóðanna, og dýrkað hana og tilbeðið öld frá öld. Kyrkjan var hyrningarsteinn hennar hásetis, en vísindin voru elfa sú, er eyddi undirstöðu hans, og vogaði sér að kollvarpa tignarsæti heimskunnar. Rannsóknin hikaði eigi við, að slíta vébönd hjátrúarinnar, og sýna mismuninn milli þess rétta og þess ranga, góða og illa, myrkurs og ljóss.

Stjörnufræðin sýndi, að mannkynið byggi ekki á litlum ferhyrningsbletti með himininn sem þak yfir höfðum og afgrunnið und fótum sér, og áttavísirinn veitti mönnum kjark til að sanna það. Þegar læknisfræðin komst á það stig, að fara að rannsaka orsakir sjúkdómanna, fóru þeir að verða viðráðanlegir. Notkun málma, gufu og rafurmagns og yfirleitt alls þess, er eftir hefir heillir og bætt kjör mannkynsins, hefir veizt með rannsókn að eins, og samt finnst mörgum enn þenna dag í dag, að orðið rannsókn brenni augu sín, ef með því er hróflað við kenningum þeim, er fávızka aldanna hefir þvingað börn sín til, að gefa ótakmarkað og ódauðlegt gildi.

Enginn ætti því að óttast að dæma allt það, er hann veit,



að rangt er, og segja skilið við það, sem ekki þolir, að það sé rannsakað.

Hefir sannleikurinn nokkurn tíma orðið að blygðast sín fyrir dagsbirtunni?

Ef vér lærðum að hugsa fyrir oss sjálfir, mundu verða færri sendisnápar að prédika fyrir fólkinu, og þeir verða að leita sér að æðri atvinnugrein.

Hræðist ekki gott eða illt. Lærið heldur að þekkja það. Hið góða til að geta fylgt því, hið vonða til að kunna að forðast það. Þrælsótti á sér að eins stað á meðal þræla, er óttast líkamlega eða sálarlega hegningu, og allir, sem hafa hann, eru því þrælar. Ættum vér þá að óttast að brúka þau einu og beztu vopn, er oss eru gefin frá náttúrunnar hendi, — hugsunarfrælsið og málfrelsið? Og ættum vér að skrifa sem maðkar í moldu undir kreddukenningum gamals vana, er hafa aldurinn að eins sér til ágætis? Ef svo væri, þá biðjum algóðann guð, að bæta þenna vonða táradal. En gætum þess og jafnframt, að líta ávallt undan ljósinu og — gjöra ekkert sjálfir.

Vox.

---

## Sem lundgláður fugl.

Sem lundgláður fuglinn, er líður um geim  
og ljóðin sín kveður,  
eg fleygi mér út í hinn fjölbreytta heim  
þær fagnandi vonirnar meður.

En áður en flugið þó hafið eg hef,  
eg horfi' á minn þróttinn,  
og veit þá, að ljóð mitt er vonleysis stef,  
og vængirnir dábleysi' og óttinn.

MÁNL.

---

## Brotinn á bak aftur.



Ef hefði eg skáldguðsins skapandi anda  
og skörulegt málfæri' án hiks eða banda,  
þá skyldi eg yrkja' um þann andskotahóp,  
sem ærir mig, skapar mig glóp.

En kjarkleysið hjörinn úr höndum mér tekur,  
og hugsjónir kyrktar um bakdyrnar rekur.  
Og skáldguðinn leggur mér hálmstrá í hönd,  
er heimurinn reiðir sinn vönd.

Eg hugði þó eitt sinn það hlutskifti' að velja,  
við hylli alls mannkyns ei skoðun að selja,  
og brjóta mér veg gegnum hrjóstur og hraun,  
en hugsa' eigi' um eigandans laun.

En nú finn eg loksins og sé, að eg sjálfur  
er samgróinn fjöldanum— hábundinn kálfur—  
með hugrekki' og sjálfstæði hálfkrept í bönd  
og hugann við jötunnar rönd. —

VIÐAR.

---

## Hringhenda.



Áfram rennur drottning dags,  
dregur senn að njólu.  
Gullið brennur geislafax,  
greitt frá enni' á Sólu.

VIÐAR.



## Tunglskins-Sonata Beethovens.

EFTIR

ANONYMOUS.

Það skeði í Bonn. Það var kyrt og fagurt kvöld, og tunglið skein í fyllingu. Eg heimsótti Beethoven, og bað hann að ganga með mér sér til hressingar og koma svo heim með mér, til að borða kvöldverð. Okkur varð gengið í gegnum nokkur þröng og myrk stræti, unz hann stanzaði allt í einu. „Hlustaðu“ sagði hann. „Hvaðan berast þessar hljómbáruur? Þetta er F sonatan mín. Heyrðu hve aðdánlega vel er leikið.“

Það var smár og hrörlegur kofi, og við stönzuðum úti fyrir, og hlustuðum á. Allt í einu hætti söngurinn, og inni fyrir heyrðum við stunur og um leið sagt í veikum en þýðum róm: „Eg get ekki leikið lengur, það er svo fagurt; það er langt fyrir ofan mína krafta að leika það eins vel og ætti. Eg vildi allt gefa til að geta farið á söngsamkomuna í Cologne.“

„Kæra systir“, var svarað, „því býr þú þér til sorgir, sem þú veizt, að ekki er hægt að lækna? Við getum varla borgað húsaleiguna.“

„Það er satt, en samt langar mig svo mikið til að geta einu sinni á æfinni heyrt reglulega fagran söng. En það er til einkis að óska þess.“

Beethoven leit til mín. „Við skulum fara inn“, sagði hann.

„Fara inn!“ endurtók eg. „Til hvers eigum við að fara inn?“

„Eg ætla að leika fyrir hana“, sagði hann með gagntekinni röddu. „Hún hefir tilfinningu, fegurð og skilning. Eg ætla að spila fyrir hana, því hún mun skilja það.“ Og áður en eg gat aftrað honum, var hann búinn að opna dyrnar.

Fölur unglingsmaður sat þar við borð, og var að gjöra við skó, og rétt hjá honum studdist upp við gamalt piano sorgarleg en aðdánlega fögur mær með gulbjart hár, sem féll í lokkum og huldi að hálfu leyti hið föla andlit. Bæði voru þau hreinlega en fátæklega til fara. Þau snéru sér að okkur, er við komum inn úr dyrunum.

„Fyrirgefðu þér“, sagði Beethoven. „Eg heyrði hljóðfæra-

slátt, og það freistaði mín til að ganga inn. Eg er hljóðfæra-leikari.

Stúlkan roðnaði og unglingurinn varð hálf vandræðalegur.

„Eg— eg heyrði einnig sumt af því, sem þér sögðust“, hélt vinur minn áfram, „þér æsktuð eftir að heyra — það er að segja yður langaði til— það er— Viljið þér að eg spili fyrir yður?“

Þetta skeði einhvern veginn allt svo undarlega, og eitthvað svo skrítið en þó viðfeldið var í framkomu og málróm þess, er talaði, að einungis augnabliks þögn varð, síðan brostu allir eins og ósjálfrátt.

„Þakka þér fyrir“, sagði skóarinn, „en píanóið okkar er gamalt, og við eigum enga söngbók.“

„Enga söngbók“, endurtók vinur minn. Hvernig spilar þá ungrúin?

Hann sagði ekki meira, en blóðroðnaði, því stúlkan horfði beint framan í hann, og sá hann þá, að hún var blind.

„Eg—eg biðst fyrirgefningar“ stamaði hann. „Eg vissi eigi fyr, að þér væruð blind. Svo þér spilið að eins eftir hljóðfalli?“

„Já, algjörlega.“

„Með leyfi, hvar hafið þér lært, fyrst þér farið ekki á söngsamkomur?“

„Þegar við vorum í Brühl fyrir tveimur árum, þá heyrði eg lafði eina vera að æfa sig. Á sumarkvöldum sló hún vanalega opnum gluggunum, og gekk eg þá til og frá úti á gangstéttinni fyrir framan húsið til að hlusta á hljóðfærasláttinn.“

Hún virtist vera feimin, svo Beethoven svaraði ekki, en settist við píanóið og byrjaði að spila. Hann var ekki fyr búinn að snerta fyrstu nótuna, en eg vissi hvað koma mundi, og hve yfirnáttúrliga tónlist við mundum heyra þetta kvöld. Og eg hafði hugsað rétt. Öll þau ár, er eg hafði heyrt hann spila, hafði eg aldrei heyrt hann spila eins vel, og hann spilaði þá fyrir blindu meyna. Hann var yfirnáttúrliga hrifinn, og frá byrjun, er fingur hans fóru að leika eftir nótunum, virtist hljómur píanósins verða æ hreimfegurri og dýrðlegri.

Systkinin sátu höggdofa og voru sem í leiðslu. Ungmennin lagði frá sér verk sitt; mærin hneigði höfuð sitt, krosslagði hendurnar á brjóstinu og kraup á kné hjá píanóinu, líkast því

að hún óttaðist, að jafnvel hjartaslög sín mundu trufla töfravald hinna fögru hljómalda. Það var því líkast, að við öll værum í draumværri leiðslu og óttuðumst að eins það, að verða að vakna.

Allt í einu sáum við ljósið hoppa upp nokkrum sinnum og deyja. Einasti kertisstúfurinn, er til var, var útbrunninn. Beethoven stóð upp, dró frá gluggatjöldin, svo tunglskinið lýsti upp herbergið, og varð það því nær eins bjart og dagur væri. Tunglgeislinn lék sterkast um hljóðfærið og spilarann. Hugmynda afl hans virtist hafa brostið við þetta atvik. Höfuðið hneigðist niður á brjóstið, og hendurnar hvíldu á hnjúnum. Hann virtist vera niður sokkinn í hugsanir. Þannig leið góð stund.

Að síðustu stóð hinn ungi skósmiður upp, gekk til hans með lotningu og ávarpaði hann þannig: „Undrunarverði maður! Hvaðan og hver eruð þér?“

Beethoven brosti góðlega. „Hlustið á“, sagði hann um leið og hann settist við píanóið og spilaði forspilið að F sonatu sinni. Fagnaðaróp barst frá báðum systkinunum um leið og þau hröpuðu frá sér numin: „Svo þér eruð Beethoven!“; og þöktu hendur hans með kossu og tárur.

Hann stóð upp og bjóst til að ganga, en við öpruðum honum þess, og grátbændum hann að spila einu sinni enn— að eins einu sinni.

Hann lét okkur leiða sig aftur að hljóðfærinu. Það virtist sem tunglið leitaðist við að hrinda sem mestu af geislaafi sínu inn um litla gluggann, og geislar þess léku um hið tignarlega höfuð hans og stóra velvaxna líkama. „Eg ætla að tónkveða lag um tunglsljósið“, sagði hann og horfði hugsandi á hinn alstirnda næturhimin. Hendur hans féllu svo niður á nóturnar, og sorgblandinn en unaðarfullur hreimur leið hægt og hægt gegn um loftið, líkt og tunglgeislinn væri smátt og smátt að dreifa sér yfir jörðina.

Allt í einu breyttist lagið. Hreimurinn varð hærri, sterkari og villtari. Það var sem vér sæum óteljandi álfa koma dansandi og hoppandi hól af hól og fremja allskonar furðuverk. Svo kom endirinn. Titrandi, fljúgandi töfraverur voru að flýja tyrir komandi degi— fyrir morgunkyrðinni. Allt virtist verða hljótt, að eins einhver hrifandi undiralda fyllti geiminn, það var andar-

dráttur náttúrunnar. Allt virtist verða að óvissu og auðn; eitt-hvert óttalegt afl greip oss og sveif með oss langt út í geiminn, langt frá öllu, er vér höfðum áður séð. Síðan varð dauðapögn, lagið var á enda. Spilarinn stóð upp. Við litum í kringum okkur og sáum, að við vorum enn í hrörlega litla kofanum.

„Verið þér sæl“, sagði Beethoven og ýtti frá sér stólnum og gekk til dyra. „Verið þér sæl.“

„Komið þér ekki aftur?“ spurðu bæði systkinin sem með einum rómi.

Hann stanzaði, leit meðaumkunarlega framan í blindu stúlkuna og sagði: „Jú, jú, eg skal koma aftur og spila fyrir blindu meyna. Verið þér sæl. Eg kem senn aftur.“

Þau fylgdu okkur út að dyrunum með þögn, er var átakanlegri en orð, og horfðu á eftir okkur, unz við hurfum úr sýn.

„Við skulum hraða okkur til baka“, sagði Beethoven, „svo eg geti skrifað lagið mitt, áður en eg gleymi því.“

Við flýttum okkur heim, og hann sat við að skrifa lengst fram á dag.

Þetta eru upptökin að tunglsgeisla sonatu Beethovens, sem allir eru hugfangnir af.

Lauslega þýtt.

---

## Yellowstone Park.\*

Yellowstone Park er 3,575 ferhyrningsmílur á stærð; hann liggur 8000 fet yfir sjávarmáli. Hann er allur skógi vaxinn og sundurskorinn af smá hæðum og hálsnum. Þar eru stærstu goshverar í heimi, og eru sumir því stærri en nafnar þeirra á Íslandi og Nýja Sjálandi. Landslagið er of hátt og kalt til þess, að jarðarávextir af nokkru tagi þrífist þar.

Á Amethyst hálsunum standa hundruð af steinrunnum trjám

---

\*) Yellowstone Park var árið 1872 af stjórn Bandaríkjanna settur sem skemmtigarður fyrir túrista. Um 6000 manns ferðast þangað árlega til að skoða þetta furðuverk náttúrunnar.

fögur og tignarleg sem fornaldarmusteri. Einn þessara steinrunnu stofna er 60 feta langur og 6 fet í þvermál, algjörlega ummyndaður orðinn í krystall.

Þessi stórskorni lystigarður hefir auðsjáanlega myndast í áköfum eldsumbrotum. Hann er umkringdur af himingnæfandi útslokknum eldfjöllum, og er að eins á tvo vegu hægt að komast inn í hann, n.l. frá Idaho og Montana.

Í garðinum eru 6000 heitar laugar og hverar, og er meðal hiti þeirra frá 165—170 stig. — Helztar þeirra eru Mammoth kalklaugarnar við Gardiner ána og laugarnar við efri Firehole-ána, sem eru milli 30 og 40 mílur sunnar. Laugar þessar eru sumar silfurtærar, aðrar eru aftur þykkar af hraunleðju. Á meðal þeirra eru sjóðandi geysar, sem þyrta vatns-strókum 250 fet í loft upp, og eru drunur þeirra, meðan á því stendur, voðalegar; enda gjörir bergmál fjallanna þær enn tröllslegri. Gamli Tryggur (Old Faithful) gýs á hverjum klukkutíma 160 fet í loft upp, og er hann sannnefnd stundaklukka hamrabúa. „Mikli geysir“ (Grand Geyser) sendir 25 feta breiðan, sjóðandi heitan vatnsstrók 200 fet upp, og hvíslast hann þar og fellur niður í skálina aftur með óteljandi litum.

Yellowstone áin hefir upptök sín í Absaroka fjöllum og rennur gegnum Yellowstone vatnið, liðast á tíu mílna svæði straumhæg og spegilfögur í kringum ótal skógi vaxnar eyjar og hólma, þangað til allt í einu að hún fleygist hvítfyssandi ofan í gljúfur, lukt 600 til 1200 feta háu standbergi beggja vegna.

Mörg er þar fleiri kynstrin að líta, því þetta er að eins stutt og ónákvæm lýsing sumra hinna undraverðu og tignarlegu smíða náttúrunnar í Yellowstone Park.

**A**ÐAL markmið allrar sannrar menntunar er, að gjöra sálina fegri, lyfta andanum á göfugra stig, og gjöra líf mannsins farsælt. Skoðum vér þetta sem aðalstefnu vísindanna, þá er engin grein þeirra fullkomnari til þess en einmitt stjörnufræðin. Engin önnur vísindagrein hrífur jafn ríkt hugsjónaaflið og aðskilur manninn fljóttara frá öllu því dýrslega í manneðlinu, og hefur hann yfir allt hið ljóta og vonða, en hvetur hann til að skoða að eins það eitt, sem fagurt er og gott. [Edward Everett].

## Smásaga um Roosevelt.

Einu sinni, þegar Roosevelt, forseti Bandaríkjanna, var á ferð í smáþorpi einu í Bandaríkjunum, varð honum reikað þangað, sem stór drengjahópur var að leikum. Hann sér það fljótt, að eitthvað óvanalegt er á seiði hjá drengjunum. Þeir eru þar allir í þéttum hóp utan um einn, og eru að reyra hann böndum, og eru búnir að hnýta stræng utan um háls honum. Dreng-hnokkinn hljóðar allt hvað aftekur og biður sér vægðar og kveður sig saklausan. Roosevelt spyr, hvað um sé að vera. Stærsti strákurinn, sem var fyrirliði flokksins, snýr sér að honum og segir, að þeir sé að leika negra-„lynch“ og ætli sér að hengja strák þenna, sem bundinn var, eins og fullorðna fólkið hengi negrana í Suðurríkjunum. Roosevelt gripur þá strákinn og gefur honum föðurlega hirtingu, og ávítar þá harðlega fyrir tiltækið, og sagði þeim, að hann skyldi sjá svo um, að forseti Bandaríkjanna refsí stranglega hverjum þeim, er gjöri tilraun til, að gjöra blökkumönnunum lægra undir höfði en hvítum. — Verkin sýna merkin, að Roosevelt hefir efnt heit sitt vel, síðan hann komst í forseta sætið.

## Miskunnsami Samverjinn.

Fyrir nokkrum dögum síðan var hrörlega klæddur maður á gangi hér á aðalstræti bæjarins í Winnipeg. Manninum varð snögglega illt, og féll hann í óvit niður á gangstéttina. Margt fólk var þar á ferð, en engum, sem framhjá gekk varð að vegi, að rétta vanmegna bróður hjálparhönd. Þrír prestar, er leið áttu um veginn, gjörðu nefsneiðingu á leið sína, til að saurga ekki klæði sín. Loks bar þar að bónda nokkurn, er nýlega var kominn utan úr sveit. Hann gekk að manningum, reisti hann við og lét flytja á sjúkrahúsið. Er ekki þetta líkt gömlu biblusöggunni? Því ver, er hún of oft endurtekin, og það jafnvel nú á dögum. Og vel hafa prestarnir varist áhrifum meistara síns.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sinnum á ári og kostar \$1 árgangurinn. -- Í útgáfunefnd eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg.

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Útanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.

Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, 663 Furby st., og eru allir útsölu menn og kaupendur ritsins beðnir að snúa sér til hans því viðvíkjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.